

Ábendingar vegna Ræktum Ísland

Almennt sýnist mér þetta ágætis plagg.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá þá miklu áherslu sem er á vísindi, rannsóknir, menntun og framþróun fyrir landbúnaðinn. Það er mjög gott að minnst er sérstaklega á mikilvægi plöntukynbóta og kynbóta búfjárstofnanna okkar, og mjög eðlilegt að kynbætur of varðveisla erfðaaauðlinda séu verkefni sem ríkisvaldið ber að einhverju leiti ábyrgð á að séu í góðum farvegi og hafi skýra stefnu um hvernig eigi að haga. Mjög gott er að sjá þá jákvæðu afstöðu sem tekin er til nýtingar líftækni í tengslum við landbúnað í þessu skjali.

Eitt atriði tel ég þó rétt að minnst á sem ég tel rétt að hafa í huga ef þetta framsækinni landbúnaðarstefnu er hrint í framkvæmd. Það er sá þáttur sem hinar meira hefðbundnu greinar, einkum sauðfjárrækt, eiga í menningu og menningarsögu þjóðarinnar. Lopapeysur, afréttarnýting, fjallferðir og réttir, kjötsúpa, og svo framvegis, allt eru þetta menningarfyrrbrigði nátengd sauðfjárrækt og mikilvægur hluti af íslenskum menningararfi. Réttir eru til dæmis enn þann dag í dag einn stærsti hátíðisdagur margra sveita og nær áhuginn langt út fyrir raðir starfandi sauðfjárbænda. Hvort tveggja til að styðja við menningartengda ferðaþjónustu og vegna mikilvægi varðveislunnar í sjálfu sér tel rétt að hafa í huga að öruggt sé að þessum þessum þáttum sé ekki ógnað verulega við framþróun landbúnaðarins.

Jón Hjalti Eiríksson

Doktorsnemi í kynbótafræði

Árósum